

FÖT BARNINS Í LEIKSKÓLANUM

~ Leiðbeiningar ~

AUKA INNIFÖT

➔ Geymast í efra fatahólfi

➔ ATH. Þetta er magnið sem þarf fyrir hvern dag. Ef barnið hefur þurft á aukafötum að halda yfir daginn er mikilvægt að fylla á þau fyrir næsta dag 😊 Gott er að geyma aukaföt í mjúkum taupoka eða taukassa, þungar töskur með hörðu plasti skapa slyshættu. Það er ekki pláss fyrir stóra, tóma poka/töskur í leikskólanum yfir vikuna.

- * 2 nærbuxur (fleiri t.d. ef barn er að læra að hætta með bleyju)
- * 2 bolir / samfellur
- * 2 sokkapör / sokkabuxur
- * 2 buxur
- * 1 Peysa



ÚTIFÖT

➔ Geymast í neðra fatahólfi og á snaga. Auka útiföt í efra hólfi.

➔ ATH. Mikilvægt er að hafa ekki of mikið í neðra hólfinu og á snaga, svo barnið eigi auðvelt með að finna fötin sín sjálf. Annað má geyma í efra hólfi þar sem starfsfólk getur nálgast það fyrir barnið ef á þarf að halda. Í lok hvers dags skulu foreldrar fara í gegnum fatahólf barns. Að morgni skulu börnin geta gengið að snyrtilegu hólfi, þurrum, hreinum fötum á réttunni. Flísfóðraða vettlinga þarf að þvo og þurrka á röngunni, (taka flísefnið „út úr“ gúmmíinu.)

Innan undir föt fyrir kalt veður:

- * Ullar- eða flíspeysa (gott að hafa eina þykka og aðra þynnri)
- * Ullar- eða flísbuxur
- * 2 pör af ullarsokkum



Frost/snjór:

- * Kuldagalli eða úlpa + snjóboxur (passa að hafa teygjur undir skó)
- * Stígvél eða kuldaskór (sokkaskór fyrir þau sem ekki eru farin að ganga)
- * 2-3 pör lúffur eða góðir ullarvettlingar
- * 2 Húfur - Lambúshetta eða hlý húfa + hálsaskjól



Rigning (og/eða vindur):

- * Pollabuxur + pollajakki (eða önnur vatnsheld utanyfirföt - ófóðruð henta oftast betur)
- * Vindbuxur (utan yfir buxur) + úlpa eða vindjakki
- * Stígvél
- * 2- 3 pör af vettlingum - pollavettlingar og/eða hlýir ullarvettlingar
- * 2 Húfur - Lambúshetta eða hlý húfa + hálsaskjól



Hlýtt og þurrt:

- * Þunnur jakki og létt utan yfir peysa
- * Þunn húfa eða buff
- * Þunnir vettlingar
- * Strigaskór

